Fylgirit með VERKALÝÐSBLAÐIÐ 9.tbl.1976

Grundvöllur að sameiningu kommúnista í marx-leníniskan flokk.

EINING KOMMÚNISTA OG VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR

Samþykkt EIK(m-l) águst 1976

I INNGANGUR

Marx-lenínisk hreyfing á Íslandi eflist nú markvisst. Barátta verkalýðs og annarrar alþýðu eflist einnig.

Baráttustaðan og hagsmunir verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu krefjast þess að eining náist um uppbyggingu kommúnistaflokks - forystuafls baráttunar.

Marx-leníníistar sameinast á a.m.k. eftirfarandi grundvelli:

-Einingu um grundvallaratriði marx-lenínismans.
-Einingu um skipulagsmál.
-Einingu um samfylkingaraðferðina og baráttustefnu í mikilvægum baráttumálum.

Eftirfarandi fjórir kaflar (II,III,IV,V) skýra stefnu og afstöðu Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista) - EIK (m-l), stofnuð í janúar 1975 - til mikilvægustu þátta marx-lenínismans og sameiningar kommúnista og verkalýðs. Grundvallarstefnuskráin er gerð opinber og lögð fyrir allt framsækið fólk.

Um er að ræða grundvallaratriði marx-lenínismans og greiningar á baráttuaðstæðum á Íslandi og erlendis. EIK (m-l) eru reiðubúin til að sameinast þeim samtökum og starfa með þeim einstaklingum, sem samþykkja stefnuskránna.

II STÉTTIR Á ÍSLANDI OG ÞJÓÐFÉLAGSGERÐ

A.Stéttgreining.

1. Stéttgreining er sett fram til þess að leiðbeina um skipulagningu baráttunnar. Hún kveður á um hverjir eru bandamenn okkar - verkalýðsins og kommúnista - og hverjir eru andstæðingar.

Stéttgreining er reist á reynslu úr baráttunni, rannsóknum á þjóðfélaginu og marx-lenínismanum. Hún skiptir þjóðinni í stéttir sem eru ólíkar í eðli sínu - ekki í starfsgreinahópa.

Í ljósi þess, að baráttustefna byggir á stéttgreiningu og þekking krefst baráttu, hljóta marx-lenínisk samtök að setja fram drög að stéttgreiningu þegar í upphafi ferils síns. Til hennar þarf nokkrar frumrannsóknir á þjóðfélaginu og þekkingu á grundvallaratriðum marx-lenínismans. Stéttgreiningin er síðan endurbætt með fenginni reynslu og frekari rannsóknum.

2. Aðalstéttir íslenska auðvaldsþjóðfélagsins eru:
- Borgarastétt.
- Smáborgarastétt.
- Verkalýðsstétt (öreigastétt)

Borgarastéttin og verkalýðsstéttin eru höfuðstéttirnar og eiga í ósættanlegri baráttu sín á milli. Borgarastéttin er ráðandi stétt í krafti auðmagns síns og yfirráða yfir atvinnutækjum og ríkisvaldi. Verkalýðsstéttin er undirokuð og lifir af því að selja vinnuafl sitt og skapar verðmæti þjóðfélagsins.

3. Smáborgarastéttin og millihópar tengdir henni taka afstöðu með annari hvorri höfuðstéttinni. Á minni hlutinn samleið með auðvaldinu, en meirihlutinn með verkalýðsstéttinni. Þetta leiðir af því að við stórum hluta smáborgaranna blasir við fall í verkalýðsstétt. Smáborgarastéttin er minnkandi stétt og kúguð af einokunarauðvaldinu. En yfirráð hennar yfir framleiðslutækjum í smáum stíl veldur oft afturhaldsafstöðu. Smáborgarastéttin er því bundin forystu verkalýðsins og réttri fjöldastefnu kommúnista eigi hún að taka byltingarafstöðu - eða hlutar hennar.

4. Hvernig má skipta þjóðinn í stéttir? Lenín nefnir fjögur atriði:
1) Afstaða manna til framleiðslutækjanna
1) Afstaða manna til framleiðslu- (atvinnu-) tækjanna.
2) Hlutverk í þjóðfélaginu - nánar tiltekið hlutverk í skipulagningu vinnunnar á þjóðfélagsmælikvarða.
3) -og í ljósi 1 og 2 - hvernig menn tileinka sér sinn hluta þjóðfélagsverðmætanna.
4) Stærð þessa hluta.

Stéttir íslenska auðvaldsþjóðfélagsins eru þessar:

5. Borgarastéttin

Hún nær að minsta kosti yfir eigendur meiriháttar atvinnutækja, ráðstafendur auðmagns, æðstu menn ríkisins, og aðra embættismenn sem eru handhafar kúgunarvalds burgeisanna og hluta forystu verkalýðshreyfingarinnar.

Sá hluti borgarastéttarinnar, sem ræður ríkisvaldinu, ríkisfjármagninu og auðhringunum, er forystuafl

borgarastéttarinnar. Það er einokunarauðvaldið.

6. Smáborgarastéttin.

Hún nær að minnsta kosti yfir eigendur minniháttar atvinnutækja, sem vinna í höfuðatriðum við þau sjálfir - þ.á.m. bændur og sjálfstæðir iðnaðarmenn og sjálfseignasjómenn. Að auki hærra setta launaða starfsmenn ríkis og fyrirtækja, er sinna daglegri stjórnun, skipulagningu og þesshåttar, fyrir hönd burgeisanna.

Neðstu lög smáborgaranna t.d. mestur hluti bænda, flestir iðnaðarmenn, sjálfseiganrasjómenn og lægra settir menntamenn eru bandamenn verkalýðsins í byltingarbaráttunni. Til bandamanna teljast einnig hálföreigar er vinna hluta úr ári almenna launavinnu, sér til lífsbjargar.

Skólafólk er að stórum hluta fólk sem er að skipta sér í stéttir, en hefur ákveðinn stéttaruppruna.

Eftir að skyldunámi sleppir verður að greina skólafólk eftir stöðu þess í þjóðfélaginu.

Mikilvægast er að höfða til verkalýðssæskunnar hvar sem hana er að finna.

7. Verkalýðsstéttin.

Framleiðinn hluti verkalýðsins (kjarnaöreigarnir) eru þeir sem stunda framleiðslustörf, afla hráefnis, og stunda störf í beinum tengslum við ferli framleiðslunnar (flutning, sorpeyðingu o.s.frv.). Framleiðinn verkalýður skapar gildisauka(viðbótarverðmæti) , sem burgeisarnir slá eign sinni á og ráðstafa m.a. sem launum til framleiðins og óframleiðins verkalýðs. Óframleiðinn hluti verkalýðsins eru þeir sem spara auðvaldinu útgjöld og vinnuafl með vinnu sinni,lifa sams konar lífi og kjarnaöreigarnir og ráða engu við (félagslega) skipulagningu vinnunnar. Laun þessa hluta verkalýðsins ákvarðast á sama hátt og laun hins hlutans (kjarnaöreiganna) - lágmark til lífsviðurværis. Í þessum hópi eru flestir afgreiðslumenn, skrifstofufólk í lægstu stöðum, hreingerninga- og sorphreinsunarfólk, póstberar o.f.l.

Óframleiðna verkalýðnum fjölgar tiltölulega hraðar en kjarnaöreigunum og er nú stór hluti stéttarinnar. Auðvaldið býr til skrifstofu- og þjónustubákn þar sem fólk vinnur ekki við atvinnutæki framtíðarinnar. Óframleiðni verkalýðurinn er skilgetið afkvæmi auðvaldsframleiðslunnar, og hefur sömu þjóðfélagsstöðu og kjarnaöreigarnir í höfuðatriðum.

Þannig vex öreignin og þjóðfélagið greinist æ meir í tvær höfuðstéttir.

8. Tötralýðurinn nefnist hópur ofdrykkjufólks, eiturlyfjaneytenda, vændiskvenna o.fl. sem standa enn lægra en verkalýðurinn í auðvaldsþjóðfélaginu og hefur lítt framsækna og mjög einstaklingssinnaða afstöðu (sviputð margra smáborgara).

B. Hverjir eru bandamenn og hverjir eru andstæðingar?

9. Borgarastéttin stendur sem heild gegn verkalýð og vinnandi alþýðu, en innan hennar er einokunarauðvaldið sterkasta aflið og því höfuðandstæðingur verkalýðsins.

10. Verkalýðurinn er eina byltingarsinnaða stéttin í heild. Hinn framleiðni hluti hennar er mikilvægastur og róttækastur. Verkalýðurinn á sér bandamenn meðal vinnandi fólks og aflar sér fylgis við forystusókn sína í rás baráttunnar.

11. Stéttabandalag verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu undir forystu öreiganna er undirstaða alræðis öreiganna - nýs ríkisvalds og stéttarveldis verkalýðsstéttarinnar.

12. Þær þjóðfélagsandstæður sem stýra öðrum fremur gangi þjóðmála nefnast höfuðandstæður (höfuðmóthverfa). Með þær fyrir augum og sem víðtækast bandalag verkalýðs og annarrar alþýðu, er markað baráttuvígorð til langs tíma.

Baráttuvígorð langtímabaráttunnar skilgreinir raunverulegar aðstæður.

Af þessu leiðir, að þar eð höfuðandstæður (höfuðmóthverfa) auðvaldsskipulagsins er borgarastétt gegn verkalýðsstétt og einokunarauðvaldið aðalandstæðingurinn, að sett eru fram baráttuvígorðin:

13. "Samfylking verkalýðs og vinnandi alþýðu gegn einokunarauðvaldinu og bandamönnum þess".

Vígorðið táknar stéttabandalag verkalýðsins og allra aðila úr smáborgarastétt, millihópum og hálföreigahóp, sem unnt er að fylkja saman undir forystu verkalýðsins.

14. Markmiðið er að verja ávinninga vinnandi fólks, sækja fleiri í greipar borgarastéttarinnar og afnema auðvaldsskipulagið. Það getur aðeins gerst með vopnaðri sósíalískri byltingu verkalýðs og annarar vinnandi alþýðu undir forystu verkalýðsins og kommúnistaflokksins, uppbyggingu alræðis öreiganna, sósíalísks og síðar kommúnísks þjóðfélags.

C.Þróunarstig íslenska auðvaldsþjóðfélagsins.

15. Íslenska auðvaldsþjóðfélagið einkennist af samruna iðnaðar- og bankafjármagns í ríkinu og auðhringum. Þjóðfélagið er á stigi einokunar og drottnunarstefnu (heimsvaldastefnu) og þróast til æ meiri ríkiseinokunar. Hlutverk ríkisins hefir verið að ryðja brautina fyrir einokunarauðvaldið, vegna þess að íslenska einokunarauðvaldið er veikt á heimsmælikvarða. Því hefir myndast mjög sterkt ríkiseinokunarauðvald hér á landi. Íslenskir auðhringar svo sem SH, SÍS, Flugleiðir, Eimskip velta tugmilljörðum króna. Ásamt ríkisvaldinu ráða þeir í höfuðdráttum efnahagslífi landsins.

16. Markmið einokunarauðvaldsins og borgarastéttarinnar er að auka framleiðni, teygja yfirráð sín yfir á öll svið þjóðfélagsins og með þessu að herða arðránið. En það er einokunarauðvaldið, sem hirðir gróðann öðrum fremur og notar hann til að efla einokunina.

17. Íslenskt auðvald er heimsvaldasinnað, þótt það sé ekki voldugt á heimsmælikvarða. Fyrirtæki þess erlendis, í Bandaríkjunum, Skotlandi, Nígeríu, Luxemburg, á Bahamaeyjum og fleiri stöðum eru til marks um þetta.

18. Samtímis er erlendu auðmagni hleypt inn í landið, ef hagur auðvaldsins mælir svo fyrir.Íslenska auðvaldið stundar land- og orkusölu til að ná auðfengnum gróða og til þess að efla umsvif erlendis. Vaxandi fjárfesting erlendra auðhringa á Íslandi og vaxandi pólitísk tengsl við heimsveldin ógna baráttustöðu verkalýðsins og alþýðu og grafa undan pólitísku og efnahagslegu sjálfræði Íslands.

19. Þróaðir framleiðsluhættir stórauðvaldsins bera framtíðina með sér. En samtímis leiðir arðránið og undirokunin til baráttu verkalýðsins, lægri smáborgara og millihópa gegn stórauðvaldinu og allri borgarastéttinni. Ný eignaskipan og nýir þjóðfélagshættir taka óhjákvæmilega við af rotnandi auðvaldsskipulagi. Af alræði einokunarauðvaldsins og borgarastéttarinnar tekur við alræði öreiganna, milliliðalaust, og sósíalískir framleiðslu- og þjóðfélagshættir.Það er markmið okkar.

III STJÓRNLIST OG BARÁTTUAÐFERÐIR

A. Marx-lenínisminn/kenningar Mao Tsetungs er undirstaða stjórnlistar og baráttuaðferðar kommúnista. Aðferðin markast af hinni díalektísku efnishyggju eins og Marx, Engels, Lenín, Stalín og Mao Tsetung hafa sett hana fram.

Stéttabaráttan er þríþætt - pólitísk, efnaleg og hugmyndafræðileg. Með réttri stjórnlist og baráttuaðferð taka kommúnistar þátt í öllum þáttum stéttabaráttunnar og leggja höfuðáherslu á pólitíska þáttinn

B. Stjórnlistin ákvarðar hvert beina skuli aðal-

áhlaupi verkalýðsins meðan á sérhverjum áfanga sósíalískrar byltingar stendur. Hún ákvarðar hvernig byltingaröflum er skipt til baráttu í framverði, varalið o.s.frv. Hún ákvarðar áætlun um hvernig baráttuáform skuli framkvæmd meðan á áfanganum stendur.

Baráttuaðferðin tekur mið af stjórnlistinni. Hún felur í sér baráttutilhögun, vígorð og kröfur, sem auðvelda fjöldanum baráttustöðuna, þ.e. tryggja hámarksstjórnlistarárangur miðað við hlutlæga og huglæga stöðu í stéttabaráttunni.

C. Stjórnlistarmarkmið íslenskra marx-lenínista.

1. Stofnun kommúnísks flokks á grundvelli undirstöðuatriða marx-lenínismans og stefnuskrár, er feli a.m.k. í sér aðalatriði starfsins.

2. Vinna upp forystuhlutverk flokksins. Til forystuhlutverks þarf rétta grundvallarstefnu og sívaxandi tengsl við framsæknasta hluta verkalýðsstéttarinnar, sem samtímis eru unnin með baráttunni fyrir forystu í stéttabaráttunni.

3. Búa verkalýðsstéttina og vinnandi alþýðufjöldann undir framkvæmd sósíalískrar byltingar og verkalýðsstéttina, með aðaláherslu á iðnaðaröreiga, til forystuhlutverksins.

4. Framkvæmd verkalýðsbyltingar og uppbygging ríkisvalds verkalýðsins í bandalagi við fjöldann - alræði öreiganna.

5. Uppbygging sósíalísks þjóðfélags og barátta gegn afturhalds- og auðvaldsöflum á því skeiði. Með síminnkandi hlutverki ríkisins og hvarfi stétta verður stigi stéttlauss sameignarfélags náð - kommúnisma.

Til þess að stjórnlistarmarkmiðin verði að veruleika verða kommúnistar og allir framsæknir aðilar að berjast gegn:

endurskoðunarstefnu - þ.e. fráhvarfi frá stéttabaráttu og byltingarstefnu;

heimsvaldastefnunni - þ.e. risaveldunum, annarri heimsvaldastefnu og íslenskri auðdrottnunarstefnu (heimsvaldastefnu).

borgarastéttinni og forystuafli hennar - einokunarauðvaldinu.

D. Höfuðatriði baráttuleiðar íslenskra marx-lenínista og verkalýðsstéttarinnar.

1. Meginverkefni íslenskra marx-lenínista er að undirbúa stofnun kommúnistaflokks og tengja jafnframt framsæknasta hluta verkalýðsstéttarinnar við kommúnismann. Flokkurinn er nauðsynlegt forystuafl í baráttunni gegn borgarastéttinni, endurskoðunar- og hentistefnu. Í þeirri baráttu verður almennur fjöldaáróður og áróður fyrir sósíalismanum að haldast í hendur, þó með meiri áherslu á hinn síðarnefnda. Fjöldastarfið er fyrst í stað að meirihluta áróðursstarf, en samtímis er afar brýnt, að vekja, efla og skipuleggja efnalega og pólitíska baráttu fjöldans. Baráttureynslan og fræðikenningin eru vogarstangir á stéttarvitund verkalýðs og alþýðu. Gagnvart fjöldanum er skipulagsstarfið og áróður fyrir nauðsyn þess að skipuleggja sig til baráttu innan stéttarfélaga, samfylkinga og/eða flokksins eitt helsta verkefnið. Jafnframt því er nauðsynlegt að afhjúpa endurskoðunarstefnuna í daglegu baráttunni og útskýra svik hennar við hinn vísindalega sósíalisma.

2. Eitt brýnasta verkefni baráttunnar nú er að mynda andstöðuliið gegn stéttasamvinnuforystunni í verkalýðshreyfingunni á grundvelli stéttabaráttu og að endurreisa stéttarfélögin sem baráttutæki.

Nokkur hluti forystunnar er ótvírætt orðinn hluti einokunarauðvaldsins, t.a.m. æðstu menn ASÍ. Þeir eru flestir endurskoðunarsinnar - hvorki "sósíalistar eða marxistar". Hlutverk heildarsamtaka verkalýðsins á að vera að sameina verkalýð og aðra hluta alþýðu á ólíkum stigum stéttarvitundar til fjöldabaráttu fyrir bættum kjörum og brýnum hagsmunamálum alþýðunnar. Endurreisn stéttarfélaganna verður að miðast við a) hlutlæga stöðu stéttarinnar, b) vitund öreiganna um stétt sína og stöðu, c) sameiningu stéttarinnar, d) að baráttan sé árangurstrygg, og það skiptir ekki minnstu máli, því eitt mikilvægasta atriðið fyrir fólk í dag er að læra að berjast og vinna sigra. Stéttarfélögin eru mikilvægustu skólar verkalýðsins, berjist þau framsækinni baráttu.

3. Hvorki uppbygging flokksins né efling fjöldabaráttunnar er framkvæmanleg án virks baráttumálgagns er sameinar stjórnlistar- og fjöldaáróður - marx-lenínisma og stéttabaráttu dagsins.

Slíkt málgagn er blað kommúnískra samtaka og síðar kommúnistaflokksins, sem er notað sem aðaláróðurstækið. Það er vinnupallur við flokksbygginguna og svarinn andstæðingur endurskoðunarstefnunnar.

4. Samfylkingin byggist á því að leitast er við að fylkja öllum þeim til baráttu, sem hafa sameiginlega hagsmuni af framgangi ákveðins baráttumáls með tilliti til mismunandi stéttarstöðu og stéttarvitundar, en án tillits til flokksbanda.

Í stéttabaráttunni gerist það oft, að aðgerðir vakna meðal fjöldans, oftast málefnabundið. Hitt er þó ávallt mikilvægast að skipuleggja aðgerðir og baráttu markvisst og vísvitað. Þar kemur til forystuhlutverk kommúnista og stéttvíss verkalýðs, en aldrei má þröngva vígorðum upp á slíkar samfylkingar, heldur leitast við að sameina á réttum grundvelli.

Flokkurinn og samfylkingarnar eru tvö stjórnlistarvopn byltingarinnar, á vissan hátt háð innbyrðis, en þó aðskilin sem skipulagsform og hvað varðar pólitíska eiginleika. Þriðja stjórnlistarvopnið er alþýðuher.

Nauðsynlegar samfylkingar eru m.a.:

a. Samfylking innan verkalýðsstéttarinnar og milli hennar og vinnandi alþýðu um afmörkuð mál, - t.d. í kjarabaráttunni - gegn einokunarauðvaldinu og atvinnurekendum.

b. Samfylking gegn erlendri ásælni, erlendum fyrirtækjum, heimsvaldastefnu, aðildinni að NATO/brottför hersins, gegn risaveldunum, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum og fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu og landhelgi.

c. Samfylking til kvennabaráttu og jafnréttisbaráttu á grundvelli stéttabaráttunnar.

d. Samfylking til stuðnings kúgaðri alþýðu og verkalýð erlendis - til dæmis þjóðfrelsisöflum og -hreyfingum.

e. Samfylking um alþýðumenningu.

f. Samfylking æskulýðs á grundvelli stéttabaráttu.

E. Kommúnistaflokkurinn.

Kommúnistaflokkurinn er æðsta skipulagsform verkalýðsstéttarinnar og allrar alþýðu. Hann er skipulagður með lýðræðislegu miðstjórnarvaldi og starfar á grundvelli marx-lenínismans/kenninga Mao Tsetungs.

Fyrsta stig flokksins er stigið meðan verið er að vinna framsæknasta hluta verkalýðsins til fylgis við marx-lenínismann.

Annað stig flokksins er stigið meðan verið er að breyta flokknum úr fjöldaáróðurssamtökum (í höfuðatriðum) í fjöldabaráttusamtök og búa verkalýð og alþýðu undir byltinguna.

Þriðja stig flokksins kemur í kjölfar sósíalískrar byltingar þegar flokkurinn er forystuafl verkalýðsstéttarinnar undir alræði öreiganna.

Innan flokksins kljást öreigasinnuð stefna og borgaraleg stefna svo lengi sem stéttir eru til.

Almenn skilyrði flokksstofnunar eru:

1. Tilvist verkalýðsstéttarinnar.

2. Tilvist marx-lenínismans.

3. Tilvist kommúnískrar hreyfingar í landinu.

Þriðja skilyrðið er þess eðlis, að íslensk kommúnistahreyfing setur hér sérskilyrði til viðbótar. Stafar það af tökum endurskoðunarstefnu og hentistefnu á "vinstri" hreyfingunni og klofningi byltingarsinna. Klofningur þeirra kemur fram í því, að ekki eru allir marx-lenínistar sameinaðir í ein samtök, heldur eru einstaklingar utan EIK(m-l), (t.a.m. í KFÍ/ML), sem standa marx-lenínsisma nærri.

Frekari skilyrði eru því þessi:

1. Eining um grundvallaratriði marx-lenínismans.

2. Eining um grundvallaratriði skipulags og starfshátta flokksins.
3. Eining um samfylkingaraðferðina og höfuðatriði baráttustefnunnar.
4. Sjálfsgagnrýni allra aðila með heildarmati á fortíð sinni og réttum niðurstöðum - þ.á.m. að KSML hafi ekki verið marx-lenínísk samtök frá upphafi.

Flokkurinn á sér stefnuskrá eða stefnuskrárdrög við stofnun, þar sem m.a. baráttuaðstæður á Íslandi eru greindar og baráttan gegn endurskoðunarstefnu er stefnuskrárbundin.

F. Alþýðuher.

Þriðja stjórnlistarvopn kommúnista er alþýðuherinn. Við vitum, að borgararnir láta ekki völdin af hendi nema þeir séu knúðir til þess af vopnaðri alþýðu. Við þekkjum einnig viðbúnað íslensks auðvalds gegn verkalýðnum á 4. og 5. áratugnum, sem fólust m.a. í áætlunum um stofnun ríkislögreglu og hvítliðasveita. Alþýðan verður einnig að búa sig undir heimsstyrjöld og að þá verður að heyja alþýðustríð gegn heimsvaldastefnunni. Hins vegar er verkefni okkar nú ekki að safna vopnum, heldur að hefja þolinmótt áróðursstarf fyrir því að verkalýðurinn verði að búa sig undir að tryggja sigur sinn með vopnavaldi - gegn aðilum, sem vilja berja niður framsækna og sósíalíska hreyfingu með öllum tiltækum ráðum.

IV ENDURSKOÐUNARSTEFNAN

A. Hvað er endurskoðunar- og hentistefna?

1. Í faglegri og pólitískri hreyfingu verkalýðs hvers lands, sem og í einstaklingum þessarra hreyfinga, eigast við kommúnískar og borgaralegar hugmyndir - annars vegar byltingarsinnaður sósíalismi og hins vegar borgaralegur eða smáborgaralegur sósíalismi, þ.e. hentistefna í ýmsum myndum. Svo mun verða meðan stéttir eru til.

2. Pólitísk hentistefna felst í því að höfða til óánægju fjöldans - gefa sig út sem frelsara, kalla sig marxista - jafnvel marxista-lenínista, en reka í raun pólitík sem þjónar bargarastéttinni. Sú hentistefna er íklæðist marxísku gerfi er verst, og hana köllum við endurskoðunarstefnu.

3. Endurskoðunarstefnan er til í ýmsum myndum: Sem frávik marx-lenínista frá réttri línu, frávik í mörgum afgerandi atriðum, svo marx-leníníminn er víkjandi hlið stefnunnar og allt yfir í pólitískt metorða - og bitlingastrit með fullu samstarfi og þjónkun við einokunarauðvaldið. Endurskoðunarstefnan getur verið bæði frávik til hægri og "vinstri".

Til hægri er það nútíma-endurskoðunarstefnan sem er hættulegust, og jafnframt er hún víðast hvar algengasta tegund endurskoðunarstefnu í heiminum í dag. Segja má að hún sé (a.m.k. mjög víða) að taka yfir sætið sem kratisminn skipaði áður í verkalýðshreyfingunni. Fjöldafylgi endurskoðunarstefnunnar (þar sem um það er að ræða) byggist líkt og fylgi kratismans annars vegar á smáborgaralegum stéttarupprunа hluta verkalýðs og á veldi gamalla hugmynda meðal alþýðunnar. Hins vegar byggist það á tilvist fámenns forystuaðals í faglegri og pólitískri hreyfingu verkalýðs, er einokunarauðvaldið hefur keypt upp og er víða hluti þess. Endurskoðunarsinnar hafa það hlutverk að færa sér í nyt pólitískan vanþroska fjöldans, til að innprenta honum borgaralegar hugmyndir og slæva alla baráttu. Er mikilvægt í þessu sambandi að athuga hið afgerandi vald sem borgarastéttin hefur yfir allri áhrifamestu fjölmiðlun í landinu.

Samkvæmt Lenín eru þessi hentistefnuöfl í verkalýðshreyfingunni mikilvægasta pólitíska stoðin undir alræði borgarastéttarinnar. Nokkur mikilvæg einkenni á pólitík þeirra eru:

a) Kalla endurskoðunarstefnu sína (sem er endurbótastefna í reynd) marxisma eða jafnvel marx-lenínisma.
b) Boða "friðsamlega leið" til sósíalisma og reka stéttasamvinnustefnu.
c) Eru talsmenn "framsæknar heimsvaldastefnu" t.d. mæla ígripum Sovétríkjanna í Angólu bót, en eru andvígir þjóðfrelsisstríðum - hylla kenninguna um að "einn neisti gæti kveikt heimsbálið" (Krúsjeff)
d) Berjast fyrir ríkiseinokunarauðvaldi og eflingu hins borgaralega ríkis.
e) Ganga erinda fasísks risaveldis - Sovétríkjanna

Áhrif endurskoðunarstefnu hafa oft valdið stórkostlegum skaða í baráttu alþýðunnar (t.d. í Chile, á Spáni, ofl. ofl.) og til þess að ná árangri í byltingarbaráttu, þarf vægðarlausa baráttu gegn henni.

Endurskoðunarstefnan til "vinstri". Hún er tegund borgaralegs/smáborgaralegs sósíalisma. Lenín skilgreinir "vinstrikommúnismann" sem "smáborgaralega byltingarhyggju" eða "byltingaróþreyju","sem í öllum afgerandi atriðum brýtur í bága við þau skilyrði og kröfur sem hin eiginlega stettarbarátta öreiganna setur". En margt af því sem á dögum Lenins varð að skoða sem 'barnasjúkdóma", er í dag endurskoðunarstefna - eftir tilkomu heildarstefnu heimshreyfingar kommúnista, þ.e. með starfi Kominterns og enn frekar með baráttu Kommúnistaflokks Kína og Flokks vinnunnar í Albaníu gegn endurskoðunarstefnunni.

Þekktust og hættulegust af þessari tegund endurskoðunarstefnu er trotskísminn. Hann ræðst gegn marx-lenínismanum frá "vinstri". Nokkur mikilvæg einkenni hans eru:

a) Hann hafnar hlutverki baráttuaðferðir (taktík) - að setja fram kröfur og baráttuform er auðveldar fjöldanum að taka baráttuafstöðu; þannig einangra trotskístar sjálfa sig og koma fram sem sundrungarafl.
b) Telur vinnandi smáborgara afturhaldssama. Vinnur að einangrun verkalýðsins frá eðlilegum bandamönnum sínum.
c) Hafnar baráttu fyrir verndun sjálfsákvörðunar þjóða. Þjónar þannig eigin einokunarauðvaldi, heimsvaldastefnu og risaveldunum.
d) Ræðst gegn sósíalísku ríkjunum og leggur þau að jöfnu við ríkisauðvaldsríkin.
e) Gagnast nútíma endurskoðunarsinnum, og þó sérstaklega pólitík Sovétríkjanna, með sáttfúsri stefnu sinni við þau.
f) Hafnar nýlýðræðislegri byltingu og sjálfstæðisbaráttu í nýlendum og hálfnýlendum, þ.e. hafnar mestallri baráttu 3ja heimsins.

Önnur hættuleg fjölþjóðleg "vinstri" endurskoðunarstefna er Baudeismin*, sem í öllum meginatriðum (hlutverki stjórnlistar, afstöðu til smáborgarastéttar, afstöðu til þjóðlegrar baráttu o.s.frv.) jafngildir trotskísma að innihaldi. Það gildir einu þótt stefna þessi kenni sig við alla frumkvöðla marx-lenínismans, því ef spurt er hver hagnast á henni, þá verður svarið alltaf: Borgarastéttin. Stefna þessi á ekki annað sameiginlegt með fræðikenningu verka-

*F. Baude er formaður "vinstri" klofningsklíku í Sviþjóð, KFML(r).

lýðsstéttarinnar en nafnið eitt, byggir enda á smáborgaralegri stéttaafstöðu og takmörkuðu trausti á á alþýðunni.

B. Baráttan gegn endurskoðunarstefnunni.

Við berjumst gegn endurskoðunarstefnunni á þremum höfuðstöðvum:

a) Í kommúnistaflokknum.

b) Við innlenda endurskoðunarsinna - bæði til hægri og "vinstri".

c) Við erlenda endurskoðunarsinna (sérstaklega sovésku endurskoðunarsinnana og bandamenn þeirra

a) Í innanflokksmálefnum (framkvæmd hins lýðræðislega miðstjórnarvalds, eining fræðikenningar og starfs, o.s.frv.) birtast borgaralegar hugmyndir gjarnan í klæðum endurskoðunarstefnu. Að endurskoðunarstefnan getur skotið rótum í kommúnistaflokknum á öllum stigum og skeiðum stéttarbaráttunnar, má rekja til þess borgaralega andrúmslofts sem við lifum í. Endurskoðunarstefnan er því eitt mikilvægasta og hættulegasta vopn borgarastéttarinnar til þess að brjóta niður og eyðileggja þessa framvarðasveit öreiganna. Borgarastéttin reynir ýmsar aðferðir til að eyðileggja flokkinn markvisst: Hún reynir t.d. að kaupa upp verkalýðsfulltrúa kommúnista á sama hátt og verkalýðsfulltrúa krata, sýra flokkinn borgaralegum hugmyndum, o.s.frv.

Í öllum málum takast á tvær stefnur: Sú borgaralega og sú öreigasinnaða. Í flokknum, jafnt sem utan hans, birtist borgaralega línan í gerfum endurskoðunarstefnu. Í innanflokksumræpum ber þó að gæta þess, að endurskoðunarvilla þarf ekki endilega að tákna að félagi sé endurskoðunarsinni.

Baráttan gegn endurskoðunarstefnunni í eigin röðum er spurning um líf eða dauða kommúnistaflokksins - að þjóna verkalýðnum eða borgarastéttinni.

b) Baráttan gegn innlendri endurskoðunarstefnu.

Áhrifamest innlendra endurskoðunarafl er Alþýðubandalagsforystan. Hún kennir sig við "sósíalisma og þjóðfrelsi" og hefur heppnast að slá ryki í augu margra einlægra baráttumanna. Stöðug afhjúpun Alþýðubandalagsforystunnar er því einn mikilvægasti þáttur baráttunnar gegn innlendum endurskoðunarsinnum.

" Baráttan gegn endurskoðunarstefnunni er nauðsynlegur liður í baráttunni fyrir sósíalismanum á Norðurlöndum. Byltingin sigrar þá fyrst þegar ekki er til endurskoðunarsinnaður flokkur, sem er nógu sterkur til að geta hindrað hana" (Ályktanir fyrsta sameiginlega þings norrænna marx-lenínista - janúar 1975).

Við verðum að afhjúpa endurskoðunarsinnana hugmyndafræðilega. Hafa má í huga í því sambandi alla þá vinnu er Lenín lagði í afhjúpun á endurskoðunarsinnunum í II. alþjóðasambandi kommúnista. Við munum sýna fram á svik endurskoðunarsinna við verkalýðinn, hvernig barátta hans er afvegaleidd og þingsalakarpið lofsungið. En fyrst og fremst verða endurskoðunarsinnar afhjúpaðir í daglegu starfi og baráttu.

c) Baráttan gegn nútíma endurskoðunarstefnu í alþjóðlegri mynd.

1. Afhjúpa verður vægðarlaust gagnbyltingarsinnað eðli Sovétríkjanna og sósíalheimsvaldastefnunnar fyrir íslenskri alþýðu.

Afhjúpa verður fölsun Kremlverja á marxismanum og það hvernig þeir nota marxismann sem skálkaskjól fyrir myrkraverk sín.

Sýna verður fram á heimsvaldasinnað eðli Sovétríkjanna - það að þau eru risaveldi í vexti sem alþýðu heimsins stafar hætta af. Í því sambandi ber að benda á stefnu Sovétríkjanna í málefnum 3ja heimsins (t.d. í Angóla).

2. Kynna verður byltingasinnaða stefnu sósíalísku ríkjanna.

3. Tileinkun alþjóðahyggju öreiganna er mikilvæg.

C. Vinstri hreyfingin 1930 - 1975.

1. KFÍ - Sósíalistaflokkur - Alþýðubandalag.

Kommúnistaflokkur Íslands var í höfuðatriðum kommúnískur og byltingarsinnaður. Endurskoðunarstefnan og hentistefnan átti þó ítök í flokknum frá upphafi og styrktist þegar á leið. Fulltrúar hennar skipuðu t.d. meirihluta miðstjórnar flokksins og náðu að leiða hina endurskoðunarsinnuðu línu til sigurs. Niðurlagning flokksins 1938 er staðfesting þessa.

Við stofnun Sósíalistaflokksins, og samruna KFÍ við hluta sósíalista í einn flokk, var endurskoðunarstefnan gerð að stefnugrundvelli. Hornsteinar marx-lenínismans: Valdbyltingin, ríkið, fjöldastarfið, barátta gegn endurskoðunarstefnu o.s.frv., voru látnir víkja. Sósíalistaflokkurinn var því ekki sósíalískur, heldur borgaralegur verkalýðsflokkur. Sigrar er verkalýður vann á fyrstu árum flokksins voru kommúnískum minnihlutahópi að þakka, ásamt óbreyttum liðsmönnum úr verkalýðsstéttinni sjálfri. Endurskoðunarsinnarnir reyndu þó að tileinka flokknum þennan árangur og nota hann sem réttlætingu fyrir þáttöku í Nýsköpunarstjórninni. Með þátttökunni í henni lauk þó tímabili slíkra starfssigra með öllu og við tók endanlega stéttasamvinnan, endurskoðunarstefnan og baráttan fyrir ríkiskapítalisma. Sósíalistflokkurinn var höfuðstoð auðvaldsins við eyðileggingu verkalýðssamtakanna, allt til þess er Alþýðubandalagið var stofnað - fyrst og fremst sem kosningabandalag - árið 1956, en síðan sem stjórnmálaflokkur árið 1968. Alþýðubandalagið óx í kjölfar alþjóðlegri framþróun nútíma endurskoðunarstefnunnar, eftir valdatöku auðvaldsklíkunnar undir forystu Krúsjeffs og félaga í Sovétríkjunum, sem fékk staðfestingu sína á flokksþinginu 1956.

Alþ.bandalagið hefur fylgt stefnu Sósíalistaflokksins, en gengið enn lengra en hann í að styðja og útbreiða endurskoðunarstefnuna. Að auki talar AB máli útþenslu- og drotnunarstefnu Sovétríkjanna á Íslandi, og tekur fullan þátt í rekstri og stjórn íslenska auðvaldsskipulagsins með bitlingastriti og stöðusnöpun. Alþýðubandalagið er helsti fulltrúi stéttasamvinnunnar í verkalýðshreyfingunni, og dragbítur á faglega og pólitíska baráttu verkalýðsstéttarinnar.

Alþýðubandalagið er því ósættanlegur andstæðingur verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu - sem flokkur. Því er forystu þess sagt stríð á hendur, en samfylking boðin almennum félögum flokksins.

2. Fylkingin.

Fylkingin á rætur að rekja til stofnunar Sósíalistaflokksins og sigurs endurskoðunarsinnanna yfir kommúnistum. Á árunum 1938 - 68 var Fylkingin í höfuðatriðum endurskoðunarsinnasamtök, sömu gerðar og móðurflokkurinn. 1968 - 71 losnuðu tök flokksins á Fylkingunni og brutust þá fram margar gerðir borgaralegra stefnuafbrigða - allt frá stjórnleysistefnu til áherslu á stúdenta og menntafólk sem hins eina byltingarafls, er víða fylgdi námsmannahreyfingunni í lok 7. áratugsins.

Marx-lenínískar hugmyndir fengu hljómgrunn í Fylkingunni eftir 1970 og marx-lenínistar úr hópi námsmanna erlendis tengdust forsvarsmönnum þeirra þar. Tilraunir þeirra til þess að þróa Fylkinguna yfir í marx-lenínísk samtök fóru út um þúfur, m.a. vegna of vægrar baráttu gegn endurskoðunarstefnunni og eigin endurskoðunarvillum þessarra marx-lenínista. Fylkingin var því aldrei marx-lenínísk sem samtök, þótt marx-lenínistum tækist að móta rétta línu samtakanna í nokkrum málum. Það er því mat marx-lenínista nú, að rangt hafi verið að starfa innan Fylkingarinnar á þessum tíma og reyna að þróa hana í átt til marx-lenínisma. Hið eina rétta hefði verið að stofna marx-lenínísk samtök þegar árið 1972.

Eftir að marx-lenínistar gerðu upp við Fylkinguna og gengu úr henni, náði ein tegund endurskoðunarstefnu - trotskíisminn - endanlega yfirhöndinni þar og gerðust samtökin þar með boðberar "vinstri" glamuryrða og hægri hentistefnu. Tók Fylkingin þá upp full tengsl við alþjóðleg skemmdarverkasamtök, "4. alþjóðasambandið" og telst síðan ósættanlegur andstæðingur allra framsækinna afla.

3. KSML - "KFÍ(m-l)": BAUDEISMINN.

Kommúnistasamtökin (KSML) voru upphaflega skipulagslegur hluti endurskoðunarhreyfingar á Norðurlöndum, sem á rætur að rekja til Svíþjóðar og er kennd við leiðtoga sinn - Frank Baude.

KSML höfðu í höfuðatriðum sömu stefnu á árunum 1971 - 74 og bróðurklíkurnar á Norðurlöndum. Samtökin voru gagnbyltingarsinnuð og andstæð marx-lenínisma varðandi öll helstu baráttumál, og hvíldu því aldrei á grundvallaratriðum marx-lenínismans. Nægir að benda á afstöðu samtakanna til útfærslu landhelginnar í 50 mílur 1972, en þá börðust þau gegn útfærslunni í nafni marx-lenínismans!

Fljótlega eftir stofnun KSML, hófust átök manna er nálguðust marx-lenínismann og gagnbyltingarsinna. Marx-lenínisminn vann töluvert á og leiddi m.a. af sér sjálfsgagnrýni KSML í einstökum málum. Breytt stefna hefur þó hvorki tekið til heildarinnar, né hvílt á alhliða sjálfsmati og uppgjöri við arfleifð baudeismans í samtökunum.

Baráttan gegn endurskoðunarstefnunni í KSML/"KFÍ (m-l)", getur ekki verið sigursæl nema að:

a) Öll grundvallaratriði marx-lenínismans séu í heiðri höfð;

b) Starfsstíll taki mið af skipulagningu fjöldabaráttu og alhliða sjálfsgagnrýni;

c) "Flokkurinn" viðurkenni að KSML hafi aldrei verið marx-lenínísk samtök, heldur hálf-trotskíísk og endurskoðunarsinnuð í grundvallaratriðum.

KSML taldi samtökin fær um að stofna kommúnistaflokk 1976 og gerðu m.a. EIK(m-l) tilboð um að standa að flokksstofnun með sér. EIK(m-l) gerðu eftirfarandi atriði að skilyrðum fyrir sameiginlegri flokksstofnun:

1. Grundvallareiningu beggja samtakanna um marx-lenínismann/kenningar Maós Tsetungs.

2. Grundvallareiningu um skipulag flokksins.

3. Grundvallareiningu um samfylkingar aðferðir og stefnu í helstu baráttumálum.

4. Að sjálfur stofndagur flokksins yrði miðaður við þetta og sameiginlega ákvörðun beggja samtakanna.

KSML féllust ekki á þessi skilyrði, hvorki í orði né í verki og stofnuðu þar með "Kommúnistaflokk Íslands (m-l)" vorið 1976, á keimlíkum grunni og KSML höfðu staðið á - án raunverulegs heildarmats á eigin sögu. "Flokkurinn" hefur t.d. þá afstöðu til stéttanna, að verkalýðurinn sé aðeins hinn framleiðni hluti stéttarinnar, en t.d. afgreiðslufólk og óbreytt skrifstofufólk tilheyri ekki verkalýð, heldur "smáborgaralegum millihópum". Þetta er alvarleg klofningsstarfsemi í röðum alþýðunnar og með öllu andstætt marx-lenínismanum.

Heimshreyfing marx-lenínista, sem EIK(m-l) er hluti af, hefur eðlilega sniðgengið "KFÍ(m-l)" og lýst EIK(m-l) einu marx-lenínísku samtökin á Íslandi. "KFÍ(m-l)" er því einangrað fyrirbæri á alþjóðlegan mælikvarða og hefur "flokksstofnun" síður en svo breytt nokkru þar um.

4. Einingarsamtök kommúnista (m-l).

EIK(m-l) eru fyrstu marx-lenínísku samtökin á Íslandi. Þau urðu til í baráttu marx-lenínista gegn endurskoðunarstefnunni í Fylkingunni og KSML.

Samtökin hafa verið hluti heimshreyfingar marx-lenínista - allt frá upphafi starfs síns. EIK(m-l) báru nokkuð af endurskoðunarstefnu Fylkingarinnar með sér í fyrstu og gerðu allmargar alvarlegar villur í starfi á árunum 1975 - 76. Mátti rekja þessar villur til alvarlegrar endurskoðunar samtakanna á marx-lenínismanum. T.d. mörkuðu samtökin ranglega höfuðmótþverfu (aðalandstæður - verkalýður/atvinnurekendur) í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu, - þó þau greindu ekki ranglega í höfuðatriðum bandamenn og fjandmenn í byltingarbaráttu, samtökin "teygðu" hugtakið öreigar/verkalýður yfir í mörg þjóðfélagslög og lögðu ekki næga áherslu á forystuhlutverk verkalýðsstéttarinnar í byltingarbaráttunni - með kommúnistaflokkinn sem forystuafl stéttarinnar. Það sem þó gerir það að verkum að EIK(m-l) teljast hafa verið marx-lenínísk samtök frá upphafi er, að í baráttu tveggja lína innan samtakanna, hefur marx-lenínisminn alltaf haft undirtökin. Þetta sanna tvær megin staðreyndir:

1. Allan tímann hafa samtökin haft rétta baráttustefnu í öllum aðalbaráttumálum.

2. Allan tíman hefur verið háð linnulaus barátta gegn endurskoðunarstefnunni, sem lyktaði með tvímælalausum sigri marx-lenínismans.

EIK(m-l) hafa tekið í aðalatriðum rétta afstöðu til þróunar/sögu KSML og sameiningar íslenskra marx-lenínista, en hafa hins vegar ofmetið þá hreyfingu í átt til marx-lenínisma sem fram kom hjá KSML.

EIK(m-l) setja nú fram þessa ályktun til sameiningar allra íslenskra kommúnista. Þeir einir sem fylkja sér til baráttu á grundvelli hennar, vinna að raunverulegri uppbyggingu marx-lenínísks verkalýðsflokks - kommúnistaflokksins.

D. Yfirlit og mat á íslenskri endurskoðunarstefnu.

Styrkur endurskoðunarstefnunnar er óumdeilanlega mikill, og gagnvart henni er marx-lenínisminn veikur - enn sem komið er. Ástæða þessa er sú að marx-lenínisminn beið snemma ósigur í KFÍ, og um 1970 má segja að áhrif frá tímabili marx-lenínismans í íslenskri verkalýðshreyfingu séu hverfandi, marx- lenískar baráttuheðir afar veikar og gersamlega óskipulagðar.

Frá 1970 hefur sú breyting orðið í íslenskri endurskoðunarpólitík, að "vinstri" endurskoðunarstefna hefur unnið talsvert land hér. Ísland er því með tiltölulega öflugan "vinstri-kommúnisma". Ástæða þess er fjarvera marx-lenínískrar hreyfingar, á sama tíma og endurskoðunarstefna og kratismi Alþýðubandalagsins hafði afhjúpast æ betur fyrir röttæku baráttufólki. Sönnuðust þar orð Lenins, þegar hann sagði, að áhrif "vinstri"-byltingarhyggju væru æði oft refsing fyrir áhrif hægri hentistefnu í verkalýðshreyfingunni".

Staða endurskoðunarstefnunnar er sterk í íslenskri vinstrihreyfingu, áhrif trotskíista all- mikil, og auk þess hefur verið stofnaður nýr stjórnmálaflokkur sem stendur á grundvelli "vinstri" endurskoðunarstefnu með hægra innihaldi.

SIGUR YFIR NÚTÍMA ENDURSKOÐUNARSTEFNU OG SAMEINING MARX-LENÍNISTA ER NÚ MIKILVÆGASTI ÁFANGI ÍSLENSKRAR BYLTINGARHREYFINGAR.

V ÁSTANDIÐ Í HEIMINUM

A. Hver er staðan?

Um alla veröld vaknar alþýðan til vitundar og um alla veröld keppast risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, við að tryggja áhrif sín og aðstöðu til arðráns. Dýpkandi kreppa skekur innviði auðvaldsheimsins og reyna risaveldin og önnur heimsvaldaríki að velta afleiðingum hennar yfir á kúguðu löndin og alþýðu eigin landa.

Gagnstætt því, sem gerðist í heimskreppunni miklu um

1930 fara Sovétríkin nú ekki varhluta af kreppunni. Sovétríkin, sem enn búa yfir ljóma sósíalismans frá tíð Leníns og Stalíns í augum margra, eru nú fasískt auðvaldsríki (ríkisauðvald) og vaxandi heimsveldi. Sé litið á heiminn í heild í dag eru Sovétríkin hættulegra heimsveldi en Bandaríkin, þar sem þau eru vaxandi og sækja á, en Bandaríkin hnignandi.

Fjórar móthverfur eru mikilvægustu hreyfiöfl heimsástandsins nú:

1. Móthverfan milli kúguðu þjóðanna annars vegar og heimsvalda- og sósíalheimsvaldastefnunnar hins vegar.
2. Móthverfan milli öreigastéttar og borgarastéttar í auðvalds- og endurskoðunarsinnalöndunum.
3. Móthverfur milli heimsvaldalanda innbyrðis og þá fyrst og fremst móthverfan milli heimsvaldastefnunnar og sósíalheimsvaldastefnunnar.
4. Móthverfan milli sósíalísku ríkjanna annars vegar og heimsvalda- og sósíalheimsvaldastefnunnar hins vegar.

B. Hvert stefnir?

Tveir höfuðstraumar eru greinilegir í þróun heimsmála. Í fyrsta lagi stefna risaveldin tvö að uppskiptastríði. Æðisgengið vígbúnaðarkapphlaup Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og síaukin ásælni þeirra til efnahagslegra, hernaðarlegra og pólitískra áhrifa yfir minni heimsvaldaríkjum, og sérlega löndum 3ja heimsins, svo og sú röskun á valdajafnvægi, sem orðið hefir síðasta áratug - allt þetta tekur af öll tvímæli um, að við lifum á fyrirstríðstímum en ekki eftirstríðstímum. Ráðstefnur og samningar risaveldanna um "slökun","gagnkvæma afvopnun", eru einungis enn frekari liður í stríðsundirbúningi þeirra.

Í öðru lagi fer straumur byltingarinnar sívaxandi. Hinni tímabundnu sókn afturhaldsins, sem sigur gagnbyltingarinnar í Sovétríkjunum átti svo stóran þátt í, hefir nú verið hrundið og höfuðtilhneigingin er sókn til byltingar. Þessi sókn er tvískipt:

a) Vaxandi stéttabaráttа og sósíalísk hreyfing í auðvaldsheiminum, og hefir þessi barátta ekki hvað síst skerpst með dýpkandi kreppu auðvaldsins.
b) Sókn hinnar þjóðlegu sjálfstæðisbaráttu og nýlýðræðisbyltinga 3ja heimsins. Þessi sókn hefir frá seinni heimsstyrjöldinni og byltingunni í Kína einkennt heimsástandið meir en nokkuð annað.

Eina aflið, sem getur komið í veg fyrir uppskiptastríð risaveldanna, er byltingaröflin, alþýða auðvaldslandanna og kúguðu þjóðirnar. Megni þessi öfl ekki að leggja heimsvaldastefnuna að velli áður en til heimsstyrjaldar kemur, er hitt víst, að styrjöldin mun hafa í för með sér nýja öldu byltinga, svo sem fyrri styrjaldir hafa gert. Þrátt fyrir ægilegri gereyðingarvopn en heimurinn hefir áður þekkt, eru orð Mao Tsetungs frá 1946 í fullu gildi: "Það er fólkið, sem ræður úrslitum í styrjöld, en ekki ein eða tvær tegundir nýrra vopna. Allir afturhaldsmenn eru pappírstígrar. Afturhaldsmennirnir sýnast skelfilegir, en í rauninni eru þeir ekki svo öflugir. Frá langsýnu sjónarmiði er fólkið sannarlega voldugt og sterkt, en ekki afturhaldsmennirnir". (Ritgerðir II. bls. 76.)

C. Byltingaröflin og andstæðingar þeirra.

Svo sem að framan er sagt er höfuðmóthverfan í heiminum móthverfan milli kúguðu þjóðanna annars vegar og heimsvaldastefnunnar og sósíalheimsvaldastefnunnar hins vegar. Ekki þarf annað en kynna sér ráðstefnur á vegum Sameinuðu Þjóðanna til að sjá þessa móthverfu einkar skýrt hvort sem fjallað er um kvennabaráttuna eða hafréttarmál, eða hvað sem er. Forystuöfl í þessari baráttu eru sósíalísku ríkin Kína og Albanía og þau eru leiðandi fyrir byltingaröflin á heimsmælikvarða. Alþýðulýðveldin N-Kórea, Víetnam, Laos og Kampuchea, alþýða í löndum 3ja heimsins og verkalýður og önnur vinnandi alþýða í auðvalds- endurskoðunarsinnalöndum- þetta eru hin einhlítu byltingaöfl undir forystu Kína og Albaníu. En þjóðfrelsisbarátta 3ja heimsins hefir einkennt byltingarsókn undangenginna ára og er geysivoldugt afl. Þessi barátta hefur fætt af sér alþýðulýðveldi eins og ríki Indókína og hvert land, þar sem barátta alþýðunnar sigrar, er jafnframt hótun við heimsvaldaríkin og sérlega útþenslustefnu risaveldanna. Risaveldin reyna að bæla þessa þjóðfrelsisbaráttu niður og snúa þá gjarnan bökum saman, en takist það ekki, keppa þau um áhrif og ítök, eins og dæmið um Angóla sýnir. Risaveldin eru hvarvetna grimmasti andstæðingur alþýðubaráttunnar. Borgarastéttir auðvalds- og endurskoðunarsinnalandanna reyna yfirleitt að grafa undan baráttu og halla sér að öðru hvoru risaveldanna, en mörg dæmi eru um, að heimsvaldasinnuð ríki og afturhaldsríki í 3ja heiminum taki framsækna afstöðu í einstökum málum, vegna eigin hagsmuna, og er útfærsla íslensku fiskveiðilögsögunnar gott dæmi um slíkt. Þetta ber að styðja, þótt það gerir að sjálfsögðu ekki viðkomandi ríki að framsæknu afli, almennt séð. Án baráttu alþýðunnar getur ekki orðið um framsækið afl að ræða.

D. Afstaða kommúnista á Íslandi til heimsvaldastefnunnar.

Ísland er heimsvaldaríki, þótt lítið sé, þ.e. ísl. auðvald er á heimsvaldastigi og stundar arðrán á alþýðu annarra landa. Engu að síður er hér á landi fyrir hendi heimsvaldaásælni erlends auðvalds, bæði efnahagsleg, pólitísk og hernaðarleg. Ásælni bandarísku heimsvaldastefnunnar og heimsvaldastefnu EBE er auðsæ og verður æ fleirum ljós, en ásælni sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar er ekki eins ljós. Hún fer þó vaxandi hér á landi og á sér öfluga talsmenn hér á landi innan Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins, málpípu SÍS-auðvaldsins. Íslenskir kommúnistar berjast gegn hvers kyns heimsvaldaásælni og fyrir verndun pólitísks, efnahagslegs og hernaðarlegs sjálfstæðis.

Helstu verkefni í andheimsvaldabaráttunni eru eftirfarandi:

1. Barátta gegn veru Íslands í NATO og herstöðvunum hér og barátta gegn öllum hernaðarbandalögum og hvers kyns hernaðarásælni risaveldanna.
2. Barátta fyrir fullum yfirráðum yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu og landhelgi og barátta gegn allri rányrkju. Sú barátta hlýtur einnig að beinast gegn íslensku auðvaldi, þar sem það færir aðeins út í 200 mílur til að geta sjálft náð hámarksgróða með rányrkju og til að geta notað miðin sem verslunarvöru í samskiptum sínum við erlent auðvald.
3. Barátta gegn tengslum við, og aðild að, EBE og barátta gegn erlendri stóriðju og erlendum fjárfestingum hér.
4. Afhjúpun á heimsvaldaeðli Sovétríkjanna og barátta gegn báðum risaveldunum og hernaðarbandalögum þeirra. Afhjúpun á og barátta gegn stríðsáætlunum risaveldanna og stríðshættunni er geysimikilvægt verkefni.

Verkalýðsstéttin er eini einhlíti heimsvaldaandstæðingurinn. Hún stofnar til breiðrar samfylkingar allra andheimsvaldasinnaðra afla í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni.

1.september - 1976
Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínistar)
Reykjavíkurdeild
Akureyrideild

Félagi Mao Tsetung látinn

Um svipað leyti og blaðið fór í prentun bárust okkur tilkynningar um lát félaga Maó Tsetungs,formanns kínverska kommúnistaflokksins - 8.september.

Með þessari hetju byltingarinnar er genginn einn mesti leiðtogi kommúnískrar heimshreyfingar - marx-lenínisti sem skipað er á bekk með Karli Marx, Friðriki Engels,V.I.Lenín og Jósef Stalín.

Kínverskir kommúnistar,kínversk alþýða svo og kommúnistar og alþýða heimsins hylla minningu félaga Maó Tsetungs.Hún og verk hans lifa í baráttunni sem sívirkari hvati með hverjum sigri verkalýðs og vinnandi alþýðu.

EIK(m-l) senda djúpar samúðarkveðjur til kínversku þjóðarinnar og Kommúnistaflokks Kína.

EIK(m-l) heiðra minningu látins félaga með því að efla kommúníska og framsækna baráttu á Íslandi í hvívetna.

-- VERKALÝÐSBLAÐIÐ mun minnast félaga Maó Tsetungs á viðeigandi hátt í október-tölublaðinu.

毛泽东

Takið þátt í námsstarfi EIK(m-l)!

SKRIFIÐ TIL EIK(m-l) PÓSTHÓLF 5186 Reykjavík.
Leshringurinn tekur yfir vikulega fundi í 6 eða 11 vikur.
Marx-lenínismin er undirstaða baráttunnar!

VERKALÝÐSBLAÐIÐ er eina marx-lenínska blað verkalýðs og vinnandi alþýðu á Íslandi.
Blaðið flytur fréttir úr stéttabaráttu hér heima fyrir og erlendis,kommúnískar upplýsingagreinar og segir frá aðferðum til skipulagningar baráttu.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ er þér stoð í þinni eiginn baráttu.

ÁSKRIFT að VERKALÝÐSBLAÐINU er þér trygging fyrir að fá það reglulega þegar eftir útgáfu hvers tölublaðs og ennfremur mikilvægur styrkur til útgáfunnar.
HEILT ár(12 tbl.) : kr.6oo
HÁLFT ár(6 tbl.) : kr.3oo
ÁRSFJÓRÐUNGUR(3.tbl.) : kr.15o

Síminn er 84210 eða 35904
Póstfangið er Pósthólf 5186 Rvk.

VERKALÝÐS-BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!